



Stöðuskýrsla – Jarðhræringar á Reykjanesi

Dagsetning:	8. desember 2023	Stig:	Hættustig
Tekið saman af:	Dagbjartur Kr. Brynjarsson		
Netfang:	dagbjartur@ferdamalastofa.is	Sími:	659 9099

Frá Veðurstofu 6. Desember 2023

Nýjustu gögn benda til að innflæði inn í kvikuganginn sem myndaðist 10. nóvember hafi líklega stöðvast. Líkur á eldgosi yfir kvikuganginum í þessari lotu atburðanna á Reykjaneskaga hafa því minnkað verulega. Kvikusöfnun heldur hins vegar áfram undir Svartsengi.


Þessari umbrotahrinu við Svartsengi sem hófst í október er því ekki lokið, en segja má að nýr kafli sé að hefjast með auknum líkum á nýju kvikuhlaupi.

Eins og áður hefur komið fram þá myndaðist kvikugangurinn sem liggur undir Grindavík þegar kvika hljóp úr kvikuinnskotinu við Svartsengi. Líklegt er að sú atburðarrás endurtaki sig. Þegar horft er almennt til umbrotahrina með endurteknum kvikuhlaupum, þá má þó reikna með að næsta kvikuhlaup frá Svartsengi verði minna að umfangi en það sem varð 10. nóvember. Hætta getur þó myndast á umbrotasvæðinu í tengslum við næsta kvikuhlaup. Reikna þarf með að kvikuhlaup geti staðið yfir í nokkrar klukkustundir eða daga með aukinni hættu vegna skjálftavirkni og aflögunar á því tímabili.

Upphafsmarki nýs kvikuhlaups eru skyndileg aukning í skjálftavirkni og skörp breyting í aflögun. Þau merki koma til með að sjást á mælitækjum nokkrum klukkustundum áður en kvikuhlaupið er líklegt til að skapa hættu í Svartsengi eða Grindavík. Ef til kvikuhlaups kemur gerir Veðurstofan almannavörnum strax viðvart sem virkja um leið sínar viðbragðsáætlanir. Komi til kvikuhlaups eykst aftur hættan á eldgosi. Eins og kemur fram hér að ofan er líklegast að kvika hlaupi aftur frá Svartsengi og yfir í kvikuganginn sem myndaðist í gegnum Sundhnjúksgíga 10. nóvember og því er það líklegasti upptakastaður eldgoss.

Ekki er hægt að fullyrða neitt um hvenær næsta kvikuhlaup verður. Óvissan um tímasetningu er mjög mikil og kvikuhlaup gæti orðið á næstu dögum eða mögulega eftir marga mánuði.

Veðurstofan heldur áfram að vakta svæðið og fylgist grannt með merkjum um mögulegt kvikuhlaup sem og öðrum breytingum sem gætu valdið frekari hættu á umbrotasvæðinu við Svartsengi og í og við Grindavík.



Hættumat Veurðurstofu frá 22. nóvember er enn í gildi

Aðgengi að svæðinu

Aðgengi að Grindavík er stýrt af Lögreglustjóranum á Suðurnesjum en í dag er opið fyrir íbúa frá kl. 7 á morgnana til kl. 17 síðdegis. Fyrirtæki geta hafið starfsemi kl. 7 en þurfa að hætta starfsemi kl. 21. Fyrirtæki geta hafið rekstur þar sem lagnakerfi eru í lagi en unnið er að því að koma þessum kerfum í lag. Eigendur fyrirtækja þurfa að huga að þessu sérstaklega áður en starfsemi getur hafist á ný. Þeir hafi eigin viðbragðsáætlanir klárar fyrir sitt fólk. Fjölmíðlar hafa aðgang að Grindavík til kl. 21 daglega. Íbúum og starfsmönnum fyrirtækja verður ekki fylgt inn á svæðið en björgunarveitir verða í viðbragðsstöðu víða um bæinn. Það sama gildir fyrir fjölmiðlafólk. Óviðkomandi er bannaður aðgangur. Bílar verða taldir inn og út af svæðinu. Fyrri rýming er eftir kl. 17 og sú seinni eftir kl. 21.



Beiðnir frá Ferðaþjónustunni.

Eftir samtal við Áfangastaðinn Reykjanes í gær óskaði Ferðamálastofa eftir að lokunarpóstur á Suðurstrandarvegi yrði færður frá gatnamótum Krísvíkurvegar og Suðurstrandarvegar að afleggjara að Selatöngum. Með því myndu eftirfarandi áfangastaðir opnast almenningi og ferðamönnum:

- Krísvíkurbjarg
- Húshólmi
- Selatangar
- Katlahraun

Erindinu hefur ekki verið svarað ennþá þrátt fyrir ítrekanir.

Frekari upplýsingar veitir Dagbjartur í dagbjartur@ferdamalastofa.is eða 6599099